



Reglugerð um skiptingu lottótekna UDN

1. Forsendur skiptingar milli félaga

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa aðildarfélög:

- að skila lögboðnum skýrslum í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, innan tilskilins frests sem ákveðinn er af ÍSÍ og UMFÍ ár hvert.
- að hafa boðað löglega til aðalfundar á síðasta almanaksári og staðið skil á ársskýrslum/starfsskýrslum til UDN.
- að halda úti skipulögðu starfi fyrir börn og ungmenni og skili skýrslu til UDN með útlistun á starfinu.

2. skipting Lottótekna

- a) 70% til aðildarfélaga
- b) 30% til UDN

3. Skipting Lottótekna, skv. a -lið 2. greinar, milli aðildarfélaga:

- a) 20% jafnt samkvæmt sérstakri reglu - (sjá grein 4).
- b) 80 % eftir fjölda **iðkenda**¹ 18 ára og yngri samkvæmt sérstakri reglu - (sjá grein 5).

¹Iðkandi er sá félagsmaður í íþrótt eða ungmennafélagi sem stundar eina eða fleiri íþróttagreinar á vegum félagsins. Iðkandi þarf að vera skráður í viðurkennt skráningarkerfi sem UDN notar í íþróttahreyfingunni.

4. Regla vegna jafnrar skiptingar milli aðildarfélaga

- a) Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi aðildarfélags hafi mætt á síðastliðið sambandsþing og á formannafundi. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þau aðildarfélög sem mættu á síðastliðið sambandsþing.
- b) félag þarf að halda úti virkri starfsemi fyrir börn og ungmenni og skili inn skýrslu til UDN með útlistun á starfinu þ.e. ársskýrslu.

5. Regla vegna iðkendafjölda

Félög og deildir skulu skrá iðkendur rafrænt í umsjónarkerfið Abler (Sportabler). Iðkendatölur skulu notaðar til að ákvarða skiptingu samkvæmt iðkendafjölda.

Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. iðkendatölu eins og hún er skráð fyrir undangengið ár í Abler.